

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Skúlagötu 4
150 Reykjavík



Reykjavík, 9. september 2014

Efni: Umsögn um drög að tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína.

Samtök ferðaþjónustunnar hafa farið yfir drög að tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína og vilja koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Samtökin lýsa yfir ánægju með að stjórnvöld líti nú á jarðstrengi sem raunhæfan valmöguleika við uppbyggingu á dreifikerfi raforku. SAF telja að við uppbyggingu meginflutningskerfis eigi loftlínur ekki að vera meginregla umfram jarðstrengi, heldur á að nota þann kost sem er æskilegri út frá viðmiðum sem tengjast samfélagslegum þáttum, byggðapróun og hagkvæmni en ekki aðeins hagkvæmni eins og núverandi raforkulög gera ráð fyrir. SAF hafa áður bent á að við hagkvæmnisútreikninga taki raforkulög tillit til samfélagslegra þátta og framtíðarmöguleika til uppbyggingar atvinnulífs í landinu, jafnt í byggð sem og á óbyggðum svæðum og víðernum landsins.

Samtökin telja að markmið draga þingsályktunartillögunnar um að landshluta- og meginflutningskerfi verði búið 80% jarðstrengja árið 2035 sé til þess fallið að meginflutningskerfið verði byggst upp að mestu án jarðstrengja. Samtökin telja að markmiðið eigi frekar að miðast við að landshlutakerfið verði komið í jarðstreng árið 2035 að teknu tilliti til þeirra forsenda sem koma fram um lagningu jarðstrengja innan landshlutakerfisins. Að sama skapi er nauðsynlegt að stjórnvöld setji sér markmið um hlutfall jarðstrengja í meginflutningskerfi á sömu forsendum og þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir um lagningu jarðstrengja innan meginflutningskerfis raforku. SAF hafa ekki forsendur til að meta hvað hlutfall jarðstrengja í meginflutningskerfi á að vera árið 2035 en telja að möguleikarnir séu miklir.

Í drögum að þingsályktunartillögunni koma fram nokkur viðmið sem réttlæta lagningu jarðstrengs innan meginflutningskerfis, sé hann dýrari kostur. SAF vilja koma á framfæri nauðsyn þess að halda loftlínunum og helst öllu meginflutningskerfi raforku utan allra friðlýstra svæða, þjóðgarða og annars staðar þar sem ósnortin víðerni er söluvara og samfélagið byggt á þjónustu við ferðamenn. Í þessu samhengi er mikilvægt að benda á að yfir 80% allra erlenda ferðamanna koma hingað til lands vegna náttúrunnar.

Samtökin lýsa ánægju með þær hugmyndir sem fram koma í drögum að þingsályktunartillögunni um að afnema misræmið sem er á vörugjöldum jarðstrengja og loftlína.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari athugasemdir og umsagnir um málið á síðari stigum.

Virðingarfyllt
F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Gunnar Valur Sveinsson